

Umsókn til skipulagsfulltrúa

14.10.2020 14:37

Almennar upplýsingar:

Nafn	Framkvæmdasýsla Ríkisins
Erindi nr.	P-2020-10-13-0149
Kennitala	5103912259
Heimilisfang	Borgartúni 7a
Póstnúmer	105
Símanúmer	5698900
Netfang	fsr@fsr.is
Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða)	Friðrik Ó. Friðriksson
Netfang tengiliðs	fridrik.f@fsr.is

Greiðanda kennitala	5103912259
Greiðanda nafn	Framkvæmdasýsla ríkisins
Greiðanda netfang	fsr@fsr.is

Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti	Lækjargata 1
Umsækjandi er	Í umboði eiganda
Umsækjandi	Ekki til deiliskipulag
Erindið fjallar um	Deiliskipulag

Stutt lýsing á erindi

FSR, fh. forsætisráðuneytisins, sækir um heimild til gerðar deiliskipulags á lóð forsætisráðuneytisins, Lækjargötu 1, vegna áforma um nýbyggingu fyrir ráðuneytið á lóðinni, sem tengist Stjórnarráðshúsini, sbr. samkeppnislýsingu og vinningstillögu hönnunarsamkeppni frá 2018. Sjá meðsend fylgiskjöl.

Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn þar sem við á

Bréf til umsækjanda/hönnuðar

Lýsandi nafn
skjals
20201004-Fylgibref-umsoknar-um-gerd-deiliskipulags.pdf

Mæliblað

Lýsandi nafn Mbl-1_170_0.pdf
skjals

Önnur gögn

Lýsandi nafn 20201014-Umbod-til-FSR-gerd-DS.pdf
skjals

**Lýsandi nafn 2018-FOR-Vinningstillaga-KP.pdf
skjals**

Já, haft verið samband við veitufyrirtæki
Veitur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík
Björn Axelsson
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 14. október 2020

Efni: Fylgibréf með umsókn um heimild til gerðar deiliskipulags á lóð Lækjargötu 1, lóð forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðshússins

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) fyrir hönd forsætisráðuneytis (FOR) og Ríkissjóðs Íslands sækir um heimild til gerðar deiliskipulags fyrir lóðina Lækjargötu 1, lóð forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðshússins vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi FOR. Deiliskipulagið verður unnið í samræmi við lýsingu hönnunarsamkeppni um verkefnið (sem Reykjavíkurborg kom að undirbúningsvinnu um) og vinningstillögu Kurt & Pí arkitekta frá árinu 2018.

Vegna áforma um viðbyggingu var gerð krafa um fornleifauppgröft á lóðinni áður enn uppygging hæfist. Fornleifauppgreftri í samvinnu við Minjastofnun Íslands er að ljúka á lóðinni. Sem hluta af því verkefni var aflað byggingarleyfis fyrir rifi stakstæðs bakhúss á lóðinni. Heimild Minjastofnunar Íslands lá fyrir við þá umsókn. Rifi bakhússins er lokið.

Í samræmi við vinningstillögu Kurt & Pí arkitekta (KP) er um að ræða tveggja hæða viðbyggingu með niðurgröfnum kjallara, sem tengist Stjórnarráðshúsi með tengigangi. Við endurmat á verkefninu er áformað byggingarmagn á lóð og fjöldi hæða húshluta:

- Núverandi friðað Stjórnarráðshús, 2 hæðir og ris, 512 m² brúttó.
- Viðbygging og tengigangur, 2 hæðir og kjallari, um 1500 m² brúttó.

Byggingarheimildir og aðrir skipulagsþættir verða nánar útfærðir við gerð deiliskipulagsins.

Markmið og forsendur samkeppnislysingar 2018 voru neðangreindar:

3.2 Markmið

Meginmarkmið samkeppninnar eru:

- Að fá fram bestu mögulegu lausn á viðbyggingu aftan við Stjórnarráðshúsið svo unnt sé að nýta hina sögulegu byggingu áfram sem aðsetur forsætisráðuneytis, fundarstað ríkisstjórnar Íslands og ráðherranefnda.
- Að viðbyggingin sé hófstilt í mælikvarða og myndi viðeigandi bakgrunn við Stjórnarráðshúsið sem halda mun stöðu sinni sem ásýnd forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðsins í miðbænum. Útlitshönnun hússins þarf að tryggja gott samræmi á milli framhúss og viðbyggingar.
- Að viðbyggingin taki ríkt tillit til Stjórnarráðshússins hvað varðar umfang, hæð, form, og efnisval. Byggingin skal taka tillit til yfirbragðs og hlutfalla nálægra bygginga á reitnum. Varðeita ber mikilvæga stöðu Stjórnarráðshússins í götumynd Lækjargötu og tryggja óskerta ásýnd að því frá mikilvægum sjónarhornum.
- Að viðbyggingin endurspegli vandaða byggingarlist sem hæfir virðulegu hlutverki hússins og sögulegu mikilvægi staðarins. Þísad er til stefnu íslenskra stjórnvalda í ritinu *Menningarstefna í mannvirkjagerð*, sjá tilvísun í grein 2.6 Samkeppnisgögn.
- Að vistvæn hönnun og velliðan notenda verði í fyrirrúmi. Að viðbyggingin verði hönnuð með tilliti til hagkvæmni í rekstri, umhverfissjónarmiða og sjálfbærni. Steft er að umhverfisvottun og útreikningum vistferliskostnaðar (life cycle cost) við fullnaðarhönnun byggingarinnar í samræmi við viðurkennda umhverfisstaðla, sjá nánar grein 3.10 Umhverfismál.

- Að tryggð verði góð og greið innbyrðis tengsl.
- Að aðkoma akandi og gangandi að viðbyggingunni sé aðlaðandi og taki tillit til hlutverks hússins, landmótunar á lóð og tengsla við nánasta umhverfi. Ennfremur að fyrirkomulag í nýjum aðalinngangi sé vel leyst.
- Að viðbyggingin bjóði upp á gott starfsumhverfi, sveigjanleika í nýtingu og sé hagkvæm í rekstri.

3.3 Keppnissvæðið


Keppnissvæðið er austan megin við Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu 1. Það er í 8 metra fjarlægð frá austurhlíð gamla hússins og nær út að lóðarmörkum að Hverfisgötu og Bankastræti og til austurs að Hverfisgötu 4-6, Hverfisgötu 4a og 6a og Bankastræti 3, sjá mynd í fylgiskjali B **Samkeppnisreitur, afmörkun**.



Keppnissvæðið, fylgiskjal B.

Keppendur geta einnig kynnt sér svæðið úr lofti með því að skoða yfirflugsmyndir á myndböndum A og B, sjá fylgiskjal K, sem gerð voru vegna skipulagssamkeppni á Stjórnarráðsreit.

Vinningstillaga Kurt & Pí er fylgiskjal umsóknar.
 Rifið stakstætt bakhús er sýnt gullitað á mynd.



F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

Friðrik Ó. Friðriksson,
verkefnastjóri fagsviðs þróunar eigna og aðstöðu / arkitekt FAÍ

Viðhengi umsóknar:

1. Umboð FOR til FSR um að sækja um heimild til gerðar og vinnslu deiliskipulags.
2. Mæliblað lóðarinnar
3. Vinningstillaga Kurt & Pí arkitekta




An architectural rendering of a modern residential complex. The complex features a mix of building types, including a two-story house with a gabled roof and a central chimney, a long single-story rowhouse with a flat roof and multiple windows, and a three-story apartment building with a gabled roof and a vertical facade. The buildings are surrounded by landscaping, including small trees and shrubs. A vertical sign on the right side of the rowhouse reads "STUDIO".

Snið / Ásýnd A



/ Ásýnd B



caútlit 1:50

BYGGING VIÐ STJÓRNABRÁÐSHÚS

Um miðað er með ófákvæðum tilgangum til borgarmyndinnar og undirskrárnar. Þessi ófákvæðir eru ófákvæðir um ófákvæðum tilgangum til borgarmyndinnar og undirskrárnar. Þessi ófákvæðir eru ófákvæðir um ófákvæðum tilgangum til borgarmyndinnar og undirskrárnar.

þ hinnar ósamstæðu byggðar sem nú er, myndar
ggingin bakgrunn fyrir stjórnarráðshúsið og
ar um leið garð í kringum það, sem er hluti af röð
a garða sem móta austurhlíð Lækjargötunnar.
Hug stendur Stjórnarráðshúsið stakt í grónum
i, innredið frá Lækjargötu. Hófstilltur
íkvæði nýbyggingarinnar, upp á tvær hæðir,
gir að staða stjórnarráðshússins í götumynd
argötu er varðveisst, en umgjörð þess og
grunnur hefur styrkst. Sú hlið nýbyggingarinnar
snýr að stjórnarráðinu víesar sterkt til einkenna
. er einföld og látlas með reglulegri röð glugga.

na miðjanda og gluggar Stjórnarsáðsins. Mitti
narráðsins og nýbygginarnar verður til skýrt
arkaður bakgarður með sterka rýmiskennd,
báðar byggingarnar eru í sterku sambandi
verður hin eiginlega tenging bygginganna.
ibyggining sjálf hefur svo einkenni klassíksks
skála sem undirstrikar bessa rýmislegu afstöðu

fisgötumegin myndast samband milli
ggingar, Hverfisgötu 4 og stjórnarráðshús
mótar aðkomusvæði forsaetirsáðuneytisins.
oman opnast til norðurs og vesturs, í
haldi af landmótun stjórnarráðshússins með
tíðindi um ófyrirvara um ófyrirvara um

gggingarinnar kallast á við aðlægar byggingar, sem lóðréttar línur og marglaga framhliðar eru andi. Neðri hæðin er mörkuð af skyggni sem ar umgjörð um aðaliningang ráðuneytisins. Á ggnu eru stórir þakgluggar og loft þess eru tekin sem gefur rýminu þar undir sterkan svip.

ingi er dreginn inn í Þórðarstræti þannig
þankastræti 3 (Stella) heldur mikilvægri
sinni í borgarmyndinni og saman mynda
narnar skýra heildarmynd gagnvart götunni.
Hæð nýbyggarinnar er dregin lengra inn,
til norðurs og austurs, og opnar þannig á
á stjórnarráðshúsið þegar gengið er niður

ggingarinnar, enda eru þessar tvær hliðar andlit
ins gagnvart götunum sitt hvoru megin.

ingin situr oft á græstens-sökkni, sem er regnlægð um garð stjórnarráðsins. Steinninn hogginn og hefur þannig sögulega tengingu arðveggi fyrri alda, sem markað hafa lóðnaráðshússins. Sökkullinn gengur alla leið að vegg við Bankastræti og markerð heppig húsgarð.

anarráðsins en myndar um leið upplyft garðrými nýbyggingar og Bankastrætis. Gróðurinn í um garði vísar í garðrækt fyrri alda á staðnum, sem matjurtagarðar hafa verið áberandi. Þannig er ráð fyrir þéttum blómstrandi runnagróðri nýtur sín best þegar horft er á hann ofan frá, af kastræti. Um leið myndar hann fjarlægð milli götu nýbyggingar. Á þessu svæði tengist hann garðvegg sturmörkum lóðarinna og mótar þannig, ásamt kastræti 3, heilsteypt umhverfi stjóranráðsins. Fissgötumegin verður sökkullinn hluti af umgjörð nngangs í súlum og veggklæðningum og er þá ur en ekki hogginn.

á sökklinum situr húskroppurinn úr ljóssi steypu
er buff-hömuð þannig að til verður finleg
í sléttum fletinum sem undirstrikar samsplið
infaldleika stjórnarráðshússins. Á efri hæð
ins sem snýr að Hverfisgötu og Bankastræti, auk
regins hluta sem snýr til vesturs, leysist steypti
urinn upp í reglulega röð lóðrétttra rifja, í beinum
slum við einkenni margra bygginga í umhverfinu,
síst við Hverfisgötu. Milli rifjanna eru svo
llingar sem eru gerðar úr slípuðu, brúnleitu
azzo þar sem óreglulegar bylgjur í yfirborðinu
hllegt mynstrið í efnið hafa tilvísun í textíl og

last á við veggfóðursramma stjórnarráðshússins. Ginstefið í innra skipulagi byggingarinnar að saman myndi byggingarnar heildstætt virkt húsnaði fyrir ráðuneytið. Áhersla ögð á einfaldar og skýrar tengingar, með byggðum sveigjanleika og skýrum aðgreiningum

m nýtist bæði sem matsalur og fundaherbergi
ir starfsmannafundi og námskeiðahald, sem
agt er að stúka af með felliveggjum og tjöldum.
Koma allra starfsmanna er um þetta rými sem er
sgað sem aðal samkomustaður þeirra, þar sem
ar megin umferðarleiðir húsanna skerast; frá
alstiga og lyftu nýbyggingar að tengibyggingu
stiga í stjórnarráðshúsi. Tengibygginingin er á
þju stjórnarráðshúsini í beinum tengslum við
gang þess. Þegar sá inngangur er notaður, við
stök tækifæri, tengist hann hjarta húsanna
nt. Starfsemin er aðgreind milli hæða á afgerandi
tt; með skrifstofum á efri hæð en sameiginlegum
num á heirri neðri. Skýr aðgreining er einnig á milli

aláðkoma að húsinu er frá Hverfisgötu og ganga
r fsmenn og gestir um vaktað anddyri. Innan við
ddyri skiptist umferðin þannig að starfsmenn fara
nægri, um tvöfalda öryggisstíku, en gestir fara til
stri þar sem öryggisleit fer fram. Þar fyrir innan

nast út í bjartan innigarð. Innst á þessu svæði er koma gesta að ríkisstjórnarherbergi en hinu meginherberginu er aðgreind aðkoma fyrir starfsmenn og herra.
Pulag á skrifstofum á efri hæð er mjög skýrt og falt en um leið sveigjanlegt, en mögulegt er að a af deildir eftir hentugleikum eða opna skipulagið og sameina í opin teymisrými. Allar skrifstofur tóttu beinnar dagsbirtu, þar sem þær raðast

órrum utveggjum og innigarði, í kringum kjarna
sem er að finna aðalstiga, lyftu, snytingar og
ertistöðva auk prent- og kaffiaðstöðu.
Sírkomulag í stjórnarráðshúsi er óbreytt í öllum
ginatriðum. Á neðri hæð er innangangur á norð-
stur horni aflagður og þar komið fyrir kaffiaðstöðu
forrými núverandi ríkisstjórnarherbergis er breytt
krifstofu. Á efri hæð helst skipulagið að mestu
þó eru einhverjur milliveggir færðir til svo aðlaga
gi skipulagið að breyttum þörfum. Ekki er gert
fyrir notkun á rislofti, enda lofhæð þar verulega
mörkuð og aðgengi erfitt.

ageymsla er í kjallara, þar sem er pláss fyrir þrjá a og sleppistæði. Hjólageymsla er á milli lokana tilageymslu þannig að mögulegt er að takmarka og aðgengi að kjallara. Herbergi þjóðaröryggisráðs staðsett þannig að út úr því eru tvær óháðar ttaleiðir. Í kjallara eru einnig aðstaða starfsmanna, umlur og tekkníumi.

ra skipulag er þannig að öryggismál
ggingarinnar eru skýr og einföld. Grunnstefið í þeim
að takmarka þau svæði sem gestir hafa aðgang að
að skörp skil séu á milli svæða gesta annars vegar
starfsmanna hins vegar. Allir sem í bygginguna
ma fara um sama anddyri við vaktrými, þaðan sem
sýn er mjög góð. Öll ríymi sem gestir hafa aðgang
eru staðsett á jarðhæð nálægt anddyri, við útvegg
ggingar en ekki í henni miðri. Með þessu móti eru
ferðarleiðir gesta takmarkaðar eins og kostur er.
Um óttaka tengist öryggisleitarsvæði beint, um
lirými þar sem skoðun og gegnumlysing á pósti fer-
m. Öryggisskönnum vörusendinga er því auðveld.
Llarin er sérstaklega varinn, með tvöfaldri lokun á

Úttóstærð nýbyggingar ofan jarðar:	1024 fm
Úttóstærð kjallara nýbyggingar:	290 fm
Úttóstærð bílakjallara:	166 fm
ildar nettóflötur nýbyggingar	1078 fm



Ásýnd að Hverfisgötu




Grunnmynd neðri hæðar

- 1.1 Ráðherra
- 1.2 Sérfræðingar - Skjalaverðir
- 1.3 Ritrar og fulltrúar- möttaka
- 1.4 Öryggisvörður RLS
- 1.5 Bifreiðastjóri
- 1.6 Umsjón fasteigna
- 1.7 Vöktun
- 1.8 Anddyri
- 1.9 Möttaka
- 1.10 Öryggisleit
- 1.11 Öryggis- og vakrými
- 1.12 Vörumöttaka og póstskoðun
- 1.13 Öryggisstúka
- 1.14 Blöðrými fyrir fjölmöðla og gesti
- 1.15 Fréttamannafundi
- 1.16 Fundarsalur ríkisstjórnar og tengd rými
- 1.17 Fundarherbergi fyrir starfsmannaf. og námsk.
- 1.18 Fundarherbergi fyrir allt að 10 manns
- 1.19 Fundarherbergi/fundaraðstaða (4-6)
- 1.20 Eldhús- framreiðslueldhús
- 1.21 Matslur
- 1.22 Skjalageymsla - Skammtimageymsla
- 1.23 Tækniými
- 1.24 Raestiskápur




Grunnmynd efri hæðar

- 2.1 Réðuneytistjóri
- 2.2 Aðstoðarmáður/menn
- 2.3 Upplýsingafulltrúi
- 2.4 Áettluð fjölgun starfsmanna
- 2.5 Skrifstofustjóri m. fundaraðst.
- 2.6 Sérfræðingar
- 2.7 Ritrar og fulltrúar- möttaka
- 2.8 Fulltrúi
- 2.9 Fundarherbergi/fundaraðstaða (4-6)
- 2.10 Snertistöðvar
- 2.11 Félagsrými, kaffiaðstaða
- 2.12 Ljósritun
- 2.13 Geymsla (pappír, bækur o.fl.)




Ásýnd að Lækjargötum



Ásýnd að Bankastræti




Snið C




Grunnmynd kjallara

- 0.1 Öryggisrými
- 0.2 Eldhús/ Búningsaðstaða og snyrtig
- 0.3 Skjalageymsla - Sérstök gögn
- 0.4 Skjalageymsla - Eldtraust
- 0.5 Geymsla (pappir, bækur o.fl.)
- 0.6 Teknirými
- 0.7 Bilageymsla
- 0.8 Hjólageymsla
- 0.9 Öryggisstúka
- 0.10 Búningsherbergi
- 0.11 Ræstimiðstöð
- 0.12 Sorpgeymsla m. flokkun



Grunnmynd efri hæðar
-útfærsla á teymisrýmum



Snið D



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 14. október 2020
Tilv.: FOR20060526/2.4.1

Efni: Vegna umsóknar um gerð og vinnslu deiliskipulags

Unnið er að viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með því verkefni fyrir hönd forsætisráðuneytisins. Fyrsta áfanga þess, fornleifauppgreftri, fer senn að ljúka. Næsti áfangi er að óska eftir gerð og vinnslu deiliskipulags. Með þessu bréfi veitir forsætisráðuneytið Framkvæmdasýslu ríkisins umboð til að óska eftir gerð og vinnslu deiliskipulags.

Fyrir hönd ráðherra


Sveinn Bragason




Reykjavíkurborg

Skipulagsfulltrúi

Lækjargata 1, Stjóraráðshússlóð

SKIPULAGSLÝSING VEGNA NÝS DEILISKIPULAGS



DAGS. 10. NÓVEMBER 2020

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS.....	2
STAÐSETNING OG AFMÖRKUN.....	3
HELSTU VIÐFANGSEFNI OG MEGINMARKMIÐ.....	4
TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNAR	6
FORNMINJAR.....	6
SKIPULAGSFERLIÐ	6
SAMRÁÐS- OG UMSAGNARAÐILAR	7

INNGANGUR

Deiliskipulagslýsing þessi er unnin svk. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en þar segir að þegar vinna við gerð deiliskipulags hefst skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hverjar séu áherslur hennar við deiliskipulagsgerðina. Lækjargata 1, lóð Stjórnarráðshúss er í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 skilgreint sem M1a, Miðborgarkjarni. Lóðin er um 2600 fm að stærð og innan hennar er Stjórnaráðshúsið byggt á árunum 1761-1771 sem tugthús. Deiliskipulagstillagan mun gera ráð fyrir nýbyggingu Stjórnarráðshússins. Núverandi Stjórnarráðshús mun standa áfram og þjóna áfram tilgangi sínum sem skrifstofa forsetisráðuneytisins.

Tilgangur þessara lýsingar, er að vera leiðbeinandi við gerð nýs deiliskipulags fyrir Stjórnaráðshússlóðina, Lækjargötu 1.

AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS

Í október 2016 var samþykkt á Alþingi ályktun um það að fela ríkisstjórninni að efna til samkeppni um hönnun nýbyggingar við Stjórnarráðshúsið. Þingsályktunin var samþykkt í tilefni af aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018. Framkvæmdasýsla ríkisins annaðist framkvæmda þingsályktunarinnar fyrir hönd forsetisráðuneytisins.

Eftir var til samkeppni á árinu 2018, 30 tillögur bárust i samkeppnina sem voru allar teknar til dóms. Áður en til samkeppninnar kom var búið að eiga sér stað viðtækt samráð um skipulagsþætti.

Tillaga arkitektastofunnar Kurt og Pí hlaut 1. verðlaun. Í umsögn dómnefndar segir ma. Nýbygging myndar lágstemmdan bakgrunn fyrir Stjórnarráðshúsið og er á tveimur hæðum sem er ótvírcæður kostur. Byggingin er dregin til baka frá Bankastræti og þar á milli er garður með blómstrandir runnagróðri. Útveggir sitja á lágum tilhöggnum grásteinssökkli sem rís upp í fulla hæð á suður- og norðurgaflí og er þá sléttur. Í innra skipulagi er áhersla á skýra aðgreiningu, tengingar og sveigjanleika.

EKKI er í gildi deiliskipulag fyrir lóð Stjórnarráðshússins og því nauðsynlegt að ráðast í gerð þess áður en bygging nýbyggingar hefst.



Stjórnarráðshúsið Lækjargötu 1

STAÐSETNING OG AFMÖRKUN

Lóð stjórnarráðshússins að Lækjargötu 1, afmarkast af Bankastræti, Lækjargötu, Hverfisgötu og lóðarmörkum lóðanna við Hverfisgötu 4-6 (norðan megin) og Bankastrætis 3 (sunnanmegin). Lóðin er í hjarta miðborgar Reykjavíkur í næsta nágrenni við Lækjartorg og Arnarhól.



Afmörkun skipulagssvæðis (rauð lóðarmarkalína Lækjargötu 1)

HELSTU VIÐFANGSEFNI OG MEGINMARKMIÐ

- Að deiliskipuleggja lóðina þannig að unnt verði að koma fyrir nýbyggingu á þröngrí baklóð
- Tilfinning og ímynd, hlutverki og sögulegu mikilvægi staðarins
- Næmi og tillitssemi gagnvart Stjórnaráðshúsinu
- Mælikvarði og samsplil húsanna í borgarmyndinni
- Góð byggingarlist nýrra mannvirkja
- Umhverfisværnar lausnir
- Mótun tenginga á bygginga
- Aðkomuleiðir að byggingum, aðgengis- og öryggismál
- Efnisval og formræn úrlausn
- Skipulag, frágangur og nýting lóðar




Vinningstillaga Kúrt og Pí að nýrri stjórnaráðsbyggingu

TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B-deild stjórnartíðinda 26. febrúar 2014. Samkvæmt aðalskipuluginu er Lækjargata 1 á svæði skilgreint sem M1a, Miðborgarkjarni.

Á svæði M1a, Miðborgarkjarni er að finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta, líflegustu verslunargötur landsins, litríka flóru veitingastaða auk fjölbreytrar sérfræðisþjónustu. Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnaði auk gistiþjónustu.



Landnotkun miðborgar skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNAR

Unnin verður umhverfisskýrsla tillögunnar sem hluti af deiliskipulaginu. Skoðaðir verða umhverfisþættir eins og ásýnd, landnotkun, lofgæði, samfélag, mengun, ónæði, aðgengi, slysahætta o.fl.

FORNMINJAR

Vegna áforma um nýbyggingu var gerð krafa um fornleifauppgröft á lóðinni áður en uppbygging hæfist. Fornleifauppgreftri í samvinnu við Minjastofnun Íslands er að ljúka á lóðinni. Sem hluta af því verkefni var aflað byggingarleyfis fyrir rifi stakstæðs bakhúss á lóðinni. Heimild Minjastofnunar lá fyrir við þá umsókn. Rifi bakhúss er þegar lokið.

SKIPULAGSFERLIÐ

Tímarsetning helstu verkáfanga og kynninga fyrri almenning:

Nóvember 2020	Lýsing samþykkt til auglýsingar í Skipulags- og samgönguráði og Borgarráði og í framhaldinu gerð aðgengileg á vef Reykjavíkur.
Nóvember 2020	Lýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.
Desember 2020 – Janúar 2021	Deiliskipulagstillaga unnin.
Febrúar 2021	Deiliskipulagstillaga afgreidd og samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa, fundi Skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs.
Febrúar 2021- Mars 2021	Deiliskipulagstillaga kynnt og auglýst.
Apríl 2021	Athugasemdum svarað, svörin afgreidd í Skipulags- og samgönguráði.
Apríl 2021	Svör tekin fyrir í borgarráði.
Apríl 2021	Tillaga send Skipulagsstofnun.
Maí 2021	Tillaga auglýst í B-deild Stjórnartíðinda, skipulag tekur gildi.

SAMRÁÐS- OG UMSAGNARAÐILAR

Skipulagsstofnun
Minjastofnun Íslands
Borgarsögusafn
Verkefnastofa Borgarlínu
OR/Veitur
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

HERBERTSPRENT ehf
Kt: 600169-7509
Bankastræti 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 7.12.2020

Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Bankastræti 3, deiliskipulagstillaga.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 18. nóvember 2020 var lögð fram lýsing að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðshússins, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið.

Lýsingin var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað var eftir að ábendingar/umsagnir bærust eigi síðar en 18. desember 2020.

Deiliskipulagstillaga var fyrst unnin fyrir þennan reit árið 2004 og þá samþykkt af öllum til þess bærum aðilum nema borgarráði í lok ferlisins og tók því aldrei gildi. Hún hefur þó væntanlega verið höfð til hliðsjónar í ýmsum málum sem komið hafa fram á byggingardeitnum og breytingum m.a. á notkun bygginga innan reitsins og þá m. einnig við gerð forsagnar fyrir samkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið 2018.

Að lokinni kynningu á niðurstöðu samkeppninnar og væntanlega samþykkt byggingaráforma hófst fornleifagröftur á lóð Stjórnarráðsins í byrjun árs 2019. Fyrirspurn til skipulagsyfirvalda um deiliskipulag fyrir reitinn var á þeim tíma svarað þannig með bréfi frá skipulagsfulltrúa 30.9.2019, að fyrirhuguð viðbygging við Stjórnarráðshúsið yrði grenndarkynnt, ekki yrði gert sérstakt deiliskipulag fyrir lóðina.

Í ljósi þeirra viðbragða og lýsingar á ferli umsóknar og afgreiðslu vegna fyrirhugaðs Stjórnarráðshúss réðust eigendur Bankastrætis 3 í að láta vinna tillögu að viðbyggingu við hið friðlýsta hús sitt að Bankastræti 3 og nýtingu á lóðinni í samræmi við deilikipulagstillöguna frá 2004, annað lá ekki fyrir.

Til þess að kynna þessa tillögu voru haldnir fundir með byggingarfulltrúa borgarinnar, arkitektum hjá skipulagsdeild og með formanni Umhverfis- og skipulagsráðs síðast í september 2020 en áður hafði verið rætt við sama formann ári áður um sama efni.

Á fundinum í september sl. kom fram skýr vilji formanns Uskr til þess að láta vinna deiliskipulag fyrir allan reitinn og fram kom, að flutt yrði um það tillaga á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs við fyrsta tækifæri.

Sem og hefur verið gert, sbr. fundargerð Uskr frá fundi 18. nóvember sl., sem vitnað er til hér í upphafi þar sem lögð er fram lýsing eða kynning á fyrirhuguðu skipulagi fyrir eina lóð, lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð Stjórnarráðsins. Hvergi er þar minnst orði á lóðina Bankastræti 3 eða byggingaráform þar.




Það rifjast þá upp, að í hvert sinn sem sú ósk hefur verið sett fram við skipulagsyfirlöld að gert yrði deiliskipulag fyrir lóðina Bankastræti 3, í samræmi við áður gert skipulag, hefur því verið svarað þannig, að ekki verði gert deiliskipulag fyrir eina lóð. Sama svar var gefið í sumar þegar spurt var um deiliskipulag fyrir lóðina nr. 1 við Lækjargötu og sama svar hefur reyndar iðulega verið gefið við öðrum slíkum fyrirspurnum í borginni þó ekki hafi það verið algild regla.

Á þessu svæði, Stjórnráðsreitnum, eru að því best er vitað tvö mál sem komið hafa nálægt því að þurfa sérstaks deiliskipulags við, Lækjargata 1 og Bankastræti 3. Með samþykkt sinni 18. nóvember sl. hefur Uskr þannig sniðgengið og/eða frestað um ófyrirsjáanlegan tíma fyrirhuguðu deiliskipulagi fyrir allan reitinn, með því að hleypa inni lóð fram fyrir allar aðrar í væntanlegu deiliskipulagi og jafnframt mismunað gróflega þeim tveimur lóðum sem mestu skiptir að deiliskipulag verði gert fyrir allan reitinn.

Eigendur Bankastrætis 3 vilja því með bréfi þessu harðlega mótmæla því að gert verði deiliskipulag fyrir eina lóð innan reitsins og fara fram á að Uskr fylgi þeirri stefnu sem kynnt var á fundum með starfsfólk og kjörnum formanni ráðsins, - að deiliskipulag verði unnið fyrir allan reitinn eða í það minnsta fyrir þessar tvær umræddu lóðir.

Virðingarfyllst,


f.h. HERBERTSPRENTIS ehf


Edda Hauksdóttir

S: 898 1136

Afrit: Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík
Borgarstjórinн í Reykjavík
Verkefnastjóri skipulagssviðs

skipulag@reykjavik.is
byggingafulltrui@reykjavik.is
borgarstjori@reykjavik.is
olafur.melsted@reykjavik.is



88



Reykjavík, 16. desember 2020

BSS2020120006

4.3

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Lækjargata 1 – Stjórnarráðshússlóð – Umsögn um skipulagslýsingu

Með tölvupósti dags. 26.11.2020 óskar Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir umsögn Borgarsögusafns um skipulagslýsingu sem gerð er vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir lóð Stjórnarráðshússins nr. 1 við Lækjargötu, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi forsætisráðuneytisins. Lýsingin, dags. 10.11.2020, var sótt af vef Reykjavíkurborgar (reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu).

Í lýsingunni kemur fram að vegna áforma um nýbyggingu hafi fornleifauppgröftur þegar farið fram á lóðinni, sem og niðurrif bakhúss, samkvæmt heimild Minjastofnunar. Vegna hugmyndasamkeppni um nýbygginguna tók Borgarsögusafn saman skýrslu um eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins árið 2017, að beiðni Framkvæmdasýslu ríkisins (skýrsla nr. 186). Skýrslan inniheldur skráningu fornleifa á lóðinni og telst sú skráning fullnægja kröfum Minjastofnunar um fornleifaskráningu vegna deiliskipulags svæðisins.

En þar sem nú er að hefjast vinna við gerð deiliskipulags fyrir lóðina, þarf að athuga hvort uppfyllt séu ákvæði laga um skráningu núverandi húsa og mannvirkja á lóðinni. Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012, 16. gr.) skal skrá hús og mannvirki áður en gengið er frá skipulagi. Samkvæmt skipulagslögum (nr. 123/2010, 37 gr.) skal leggja mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga með gerð húsakönnunar þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi. Minjastofnun Íslands metur þörf á og setur fram kröfur um húsa og mannvirkjaskráningu á skipulagssvæði, skv. reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda (útg. í B-deild Stjórnartíðinda, 1.7.2019).

Borgarsögusafn bendir á að byggingarsaga Stjórnarráðshússins sjálfs hefur verið skráð og gerð hefur verið grein fyrir varðveislugildi þess og verndarstöðu í húsakönnun Árbæjarsafns frá 2001 (skýrsla nr. 82: *Húsakönnun - Bernhöftstorfa og nágrenni*), en byggingin var friðuð árið 1973 og telst friðlýst samkvæmt núgildandi lögum um menningarminjar. Verndarstaða hússins hefur ekki breyst að öðru leyti með gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012.



Innan núverandi marka Stjórnarráðshússlóðarinnar er einnig hluti af mannvirkinu sem kallað hefur verið *Núllið*, almenningssalerni sem byggt var neðst í Bankastræti árið 1930 og þjónaði sem slíkt allt til 2006, en hefur síðan hýst gallerí, sýningar og Pónksafn Íslands. Þetta mannvirki var ekki tekið fyrir í húsakönnuninni frá 2001, svo *skráning þess og mat á varðveislugildi liggur ekki fyrir*. Önnur hús eða mannvirki eru ekki á lóð Stjórnarráðsins í dag.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd Borgarsögusafns:

Drífa Kristín Þrastardóttir
Verkefnastjóri / húsvernd

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri fornleifa

María Karen Sigurðardóttir
Deildarstjóri minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupósti :
Minjastofnun Íslands

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2020

Tilvísun: 202005038 / 3.5

Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi, Lækjargata 1, stjórnarráðshúslóð, Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 26. nóvember 2020, sent Skipulagsstofnun lýsingu, dags. 10. nóvember 2020, til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagsлага. Lýsingin var samþykkt til kynningar í skipulags- og samgönguráði 18. nóvember 2020 og varðar tillögu að deiliskipulagi Lækjargötu 1, stjórnarráðshúslóð.

Samkvæmt lýsingunni er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag sem felur í sér að heimilað verður að byggja tveggja hæða nýbyggingu á 0,26 ha reit sem skilgreindur er sem Miðbæjarkjarni (M1).

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar.

Þó er tilefni til minna á gr. 5.3.1. í skipulagsreglugerð þar sem fram kemur að alla jafna skuli vinna deiliskipulag fyrir heilan götureit. Í greinargerð deiliskipulags þarf að færa rök fyrir því af hverju aðeins er unnið deiliskipulag fyrir staka lóð innan reitsins.



Sigríður Björk Jónsdóttir